

## **Fundur í skólaráði Egilsstaðaskóla, miðvikudaginn 18. nóvember 2020, kl. 16:00 – fundurinn fór fram í gengum Teams.**

### **Mættir:**

Ruth Magnúsdóttir, skólastjóri  
Kristdór Þór Gunnarsson, fulltrúi foreldrafélags  
Carola Björk Tschedorsky Orloff og Anna Björk Guðjónsdóttir, fulltrúar kennara  
Málfríður Ólafsdóttir, fulltrúi almennra starfsmanna  
Ásta Jóna Þórarinsdóttir og Eypór Breki Sigurðsson, fulltrúar nemenda  
Ágúst Þór Margeirsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins  
Skarphéðinn Smári Þórhallsson, fulltrúi foreldra

### **Dagskrá:**

#### **1. Val í Egilsstaðskóla – kynning**

Val í 1. – 3. bekk 1,5 kennslustund á viku. Vinsælast er útival.

Val í 4. – 7. bekk 2 kennslustundir á viku. Er nokkuð kennarastýrt. Nemendur í 4. og 5. bekk blandast og nemendur í 6. og 7. bekk. Kemur betur út en þema sem verið hefur undanfarin tvö ár en var breytt í haust.

Val í 8. – 10. bekk – list og verkval, 4 kennslustundir á viku og samval 2 kennslustundir á viku. Svæði falla líka undir valtíma.

Ekki hægt að hafa verk- og listval í stundaskrá á unglingsstigi nema í 8. bekk, vegna aðgengis að stofum. Í fyrravetur urðu breytingar og þá var list- og verknám aukið í gengum valið. Nú geta nemendur ekki valið sig alveg frá list- og verkvali.

Nemendur eru að mestu ánægðir með valið. Eypór Breki þekkir bara þetta fyrirkomulag með valið en Ástu Jónu finnst að það vanti meiri fjölbreytni. Sé nokkuð einsleitt í gengum árin. Nefnir þar m.a. silfursmíði og dýpkun á ákveðnum námsgreinum s.s. náttúrufræði. Nefnir líka eitthvað lífsleiknitengt eins og samskipti kynjanna og undirbúningur fyrir framhaldsskólann eins og kynning á tungumálum. Ásta telur líka að valið sé nokkuð stelpumiðað og það vanti inn í valið meira fyrir stráka. Ruth segir að í haust sé rafsúða nýtt val sem hafi átt að byrja um daginn en aðstæður tefji það eins og er. Fáir kennarar setja valinu nokkrar skorður. Málfríður ræðir starfsfræðsluna sem var út í fyrirtækjum en sá hængur er á að fyrirtæki eru ekki eins samstarfsfús og áður vegna ýmissa ástæðna.

Í umræðunni hefur verið að gera könnun meðal nemanda um valið til að fá þeirra hugmyndir og skoðanir á valinu.

#### **2. Frá nemendum**

Hvernig gengur í skólanum? Nemendur eru bara þokkalega sáttir við skólastarfið undanfarið. Hægt að verja meiri tíma með fjölskyldunni. Vinahópar hittast eftir skóla. Þeim Ástu Jónu og Eypóri Breka finnst gott að vinna svona sjálfstætt, þ.e. að vinna eftir áætlunum eins og 9. og 10. bekkur gerir þessa dagana. Nýta tímann vel.

Rætt er um hvort vænlegra hefði verið að fara í fjarnám, ekki síst eftir fréttir gærdagsins og smitsins sem tengist inn í skólann. Ruth segir að eftir reynsluna í vor af

fjarnámi þá var sú ákvörðun tekin að taka alla nemendur inn í skólann því ekki búa allir við sömu aðstæður heima fyrir varðandi aðstoð og mikilvægt að nemendur hitti aðra nemendur og haldi rúttínu. Hugsanlega hefði stundum mátt kynna og rökstyðja ákvarðanir betur fyrir nemendum, en allar ákvarðanir er teknar í samráði við smitakningarteymi, öryggisnefnd og sóttvarnaryfirvöld.

### 3. Fjárhagsáætlun

Verið er að vinna fjárhagsáætlun en sú vinna er unnin hraðar en oft áður. Fundur var í gær í Fjölskylduráði. Rekstrarkostnaður áætlaður sá sami og síðasta ár, framreiknaður. Ekki er reiknað með fjölgun stöðugilda við skólann.

Af fyrri fræðslunefnd var bókað um framlög til skóla vegna tækjakaupa úr sameiningarframlagi úr Jöfunarsjóði. Það er á áætlun undir sameiginlegum lið.

Reiknað var með að eitthvað framlag fái í tölvukaup hand nemendum.

Keyptar voru 20 tölvur um daginn sem eiga að fara á miðstig. Enn langt í land þar til allir nemendur hafa tæki á mann á mið- og efsta stigi.

Ruth sendi inn minnisblað til fræðslufulltrúa vegna þess að ekkert framlag er í fjárfestingaráætlun til að bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks skólans. Þar er einkum um að ræða:

- **Frístund.** Þar vantar varanlega lausn. Vaxandi eftirspurn eftir þeirri þjónustu en 74 nemendur í frístund núna á ýmsum stöðum í skólahúsnæðinu.
- **Sérrými.** Skortur á slíkum rýmum vegna fjölgunar nemenda og starfsmanna. Er einnig að sækja um fjármagn til að útbúa aðstöðu fyrir sérúrræði fyrir nemendur sem þurfa að eiga kost á að vera í smærri hópum hluta úr skóladeginum.
- **Búningsaðstaða í Íþróttamiðstöð.** Þar eru mikil þrengsli og fáar sturtur, þar sem ekki hefur byggð búningsaðstaða fyrir sundlaug. Býður upp á árekstra og vandræði. Einnig vantar þar sérrými fyrir börn vegna þroska eða skynjunarerfiðleika þurfa slíkt rými.
- **Frágangur á skólalóð.** Aðkoma að skólanum og frágangur skólalóðar eru ekki viðunandi og umferðaröryggi ekki gott við skólann.

Samdráttur er almennt í tekjum sveitarfélagsins en ýmis sparnaður kemur líka á mótí í skólarekstrinum, t.d. vegna t.d. ýmissa ferðalaga sem fallið hafa niður á vegum skólans.

### 4. Önnur mál.

- a) Spurt um notkun á fimleikahúsi í íþróttum. Eins og er það ekki í fastri leigu en hefur verið notað í stöku sinnum af skólanum. Mikið af tækjum þar inni sem þarf að passa og gæta alls öryggis nemenda.
- b) Árshátíð er á bið í augnablikinu en stefnt að því að sýna leikritið þegar færi gefst. Undirbúningi er nær lokið og u.þ.b. tvær vikur eftir af undirbúningsferli fyrir sýningu.
- c) Carola Björk spyr um varamann skólaráðs fyrir kennara – en það er Sigrún Þöll Hauksdóttir.

- d) Hvað með íþróttakennslu og sund á næstunni? Töluverðar kröfur varðandi sóttvarnir og þrif á rýmum og búningsklefum. Einnig er varðar hópastærðir í íþróttum. Þyrfti að skipa öllum hópum. Kröfur eru íþyngjandi. Sennilega ekki íþróttakennsla á næstunni vegna erfiðra og flókinna skilyrða. Sjá til næstu viku. Sundið verður skoðað. Spurning um yngstu nemendurna?

Næsti fundur í skólaráði er þann 24. mars 2021

Fundi slitið kl. 16:50.

Anna Björk Guðjónsdóttir, fundarritari